

## Aðalfundargerð og ársskýrsla DÍS 2022

### Aðalfundur Dýraverndarsambands Íslands fyrir árin 2019, 2020 og 2021

7. ágúst 2022 kl.15:00-16:45 í húsnæði félagsins að Grensásvegi 8.

#### 1. Fundur settur

Fundur var settur kl. 15:00.

#### 2. Fundarstjóri og ritari tilnefndur

Tillaga að fundarstjóra: Birgitta Jónsdóttir og ritari: Valgerður Valgeirsdóttir. Tillagan er samþykkt af fundinum.

#### 3. Kynning framboða til stjórnar

Starfandi stjórn ætlar öll að hætta núna og gefur ekki kost á sér til starfa áfram. Starfandi stjórn klárar fundinn og skilar félaginu á skilafundi í vikunni á eftir aðalfund.

Almennt hefur verið kosið árlega um annað hvort ritara og tvo meðstjórnendur eða um formann, gjaldkera og einn meðstjórnanda, alltaf til tveggja ára. Síðasti aðalfundur var 19. maí 2018 og því hefur ekki verið kosið eftir fyrrgreindu verklagi síðustu ár. Á síðasta aðalfundi voru kosningar um formann og meðstjórnendur til tveggja ára. Því gildir á þessum aðalfundi að kosið verður um gjaldkera, ritara og meðstjórnanda til tveggja ára en formann og tvo meðstjórnendur til eins árs. Á aðalfundi 2023 kemst jafnvægi á kosningar er kosið verður til formanns og tveggja meðstjórnenda til tveggja ára. Og svo koll af kolli.

Um rétt til setu í stjórn vísast til laga félagsins.

Eitt framboð barst í hvert þeirra sæta sem laust var:

Linda Karen Gunnarsdóttir af félagaskrá býður sig fram í sæti formanns til eins árs.

Hrefna Sigurjónsdóttir af félagaskrá býður sig fram í sæti ritara til tveggja ára.

Marietta Maissen af félagaskrá býður sig fram í sæti gjaldkera til tveggja ára.

Sigursteinn R Másson af félagaskrá býður sig fram í sæti meðstjórnanda til tveggja ára.

Liselotte Widing og Anna Berg Samúelsdóttir, báðar af félagaskrá, bjóða sig fram í tvö sæti meðstjórnanda til eins árs.

#### 4. Ársskýrsla DÍS og verkefni næsta árs

Ársskýrsla DÍS er lesin af Hallgerði Hauksdóttur fráfarandi formanni. Ársskýrslan er til síðastliðinna fjögurra ára og fylgir hér á eftir aðalfundargerðinni.

Fundarstjóri opnar fyrir umræður eftir lestur skýrslunnar.

Ein spurning kom frá fundargesti um ársskýrsluna og tímalínu hennar. Fundarstjóri vísaði í að ársreikningar skýri betur tímalínu félagsins.

Ársskýrsla var lögð til samþykktar og samþykkt með lófaklappi.

#### 5. Reikningar síðasta árs lagðir fram til samþykktar

Hallgerður Hauksdóttir, fráfarandi formaður, fer yfir ársreikninga félagsins og skyldra sjóða. Dýraverndarsambandið er með einn ársreikning fyrir hvert fjögurra árana og því í fjórum skjölum og þar inni er einnig Sólskríkjusjóðurinn sem stjórn DÍS hefur umsjón með. Ársreikningar hvers skyldra sjóða félagsins sem eru þrír eru þannig upp settir að fyrir Sauðfjárverndina, Pedersensjóðinn og Tækjakaupasjóðinn eru sett upp fjögur ár fyrir hvern sjóð í einu skjali og lesið þannig.

Bókari staðfesti á fundinum að hafa sannreynt bankareikninga og lagði þá fram fyrir fundargesti að skoða. Fram kom að skoðunarmenn höfðu skoðað bókhaldið og sannreynt bankareikninga og staðfestu samþykki sitt.

Fundarstjóri opnar fyrir umræður.

Fundargestur óskaði eftir meiri upplýsingum um bókhaldsliðinn annar rekstrarkostnaður hjá DÍS og þá sérstaklega um háan rekstrarkostnað ársins 2019. Farið var yfir það og í öðrum rekstrarkostnaði sé rekstur m.a. húsnæðis, fasteignagjöld, húsgjöld, rafmagn, hiti og sími. Rekstrarkostnaður ársins 2019 var sérstaklega hár samanborið við önnur ár vegna tveggja atriða. Annars vegar vegna kaupa fasteignarinnar við Grensásveg 8, þ.e. stimpilgjöld að fjárhæð tæplega 0,5 m.kr. Hins vegar þóknun til Miðlunar að fjárhæð 1,2 m.kr vegna öflunargjalds styrkja.

Fundargestir óskuðu eftir skýringum á tilgangi sjálfstæðu sjóðanna þriggja og fengu svör við þeim fyrirspurnum.

Að loknum umræðum voru ársreikningar bornir upp til samþykktar hver fyrir sig og hver fyrir sig samþykktur með lófaklappi.

#### 6. Kosning stjórnar

Ný stjórn var sjálfkjörin, en einungis eitt framboð barst í hvert sæti. Samþykkt aðalfundar á framboðum til stjórnar fór fram fundinum undir liðnum „3. Kynning framboða til stjórnar“.

Þrjú framboð voru kynnt í tvö hlutverk skoðunarmanna, Hallgerður Hauksdóttir, Arndís Björg Sigurgeirsdóttir og Meike Witt. Þá fór fram nafnlaus kosning og fengu Arndís og Meike kosningu.

#### 7. Lagabreytingar

Linda Karen Gunnarsdóttir sendi inn eftirfarandi tillögu að lagabreytingu:

í 5. gr. þar sem segir:

„Reikningsár sambandsins er almanaksárið. Stjórn velur viðurkenndan fagaðila sem sér um gerð ársreikninga sambandsins.“

verði:

„Reikningsár sambandsins er almanaksárið. Stjórn velur viðurkennda fagaðila utan stjórnar sem sjá um bókhald og gerð ársreikninga sambandsins.“

Tillagan var kynnt af Lindu Karen og var samþykkt af félagsmönnum.

## 8. Félagsgjöld og nýir félagar til samþykktar

Félagsgjöld og breytingar á þeim voru rædd. Umræða fór fram um hvort innheimta ætti óinnheimt félagsgjöld síðustu ára. Félagsmenn samþykktu að fella niður félagsgjöld síðustu þriggja ára. Fráfarandi stjórn lagði til að halda óbreyttum félagsgjöldum á næsta ári, umræða var um félagsgjöld og kostnað vegna innheimtu þeirra. Félagsmenn samþykktu í kjölfarið að halda félagsgjöldum óbreyttum.

Í lögum félagsins kemur fram að aðalfundur samþykki alla nýja féлага á aðalfundi. Lagt til samþykktar að allir 88 sem sótt höfðu um aðild frá síðasta aðalfundi yrðu samþykktir á einu bretti. Fundurinn samþykkti það.

## 9. Önnur mál

Fundarstjóri opnar fyrir umræður.

Hrefna Sigurjónsdóttir, nýkjörinn ritari fékk orðið. Hrefna var ósátt við hvernig ársskýrslan var kynnt, þ.e. að hún hafi verið lesin upp og því ekki aðgengileg ásamt því að hún vildi upplýsingar um vinnu fyrir hönd félagsins í ráðum og nefndum, svo sem í fagráði um velferð dýra. Fráfarandi formaður svaraði fyrirspurnum um tilhögun og skipun í fagráð, hóp um Matvælaöryggi og Norræn ráð. Hún greind frá því að hún hygðist sitja út sinn skipunartíma hjá fagráði.

Fyrirspurn var borin fram um það hver svarar þegar fyrirspurnir berast frá Alþingi og stjórnsýslu og var því svarað að stjórn DÍs svari slíkum fyrirspurnum.

Meike Witt fékk orðið. Meike ræddi um að félag eins og DÍs eigi að vera rödd fyrir dýrin á meðan hagsmunaaðilar eins og bændur hafi sína talsmenn og lobbísta. Hún hvatti nýja stjórn til að hafa rödd dýranna í fyrirrúmi og sagði frá nýju dýraverndarfélagi sem hún var einn af stofnendum að og óskaði eftir samtali á milli félaga sem starfa í tengslum við dýravelferð. Þá var hún einnig ósátt við að ekki hafi verið haldnir aðalfundir, því önnur félög hafi gert það þrátt fyrir Covid faraldurinn. Gerði hún einnig athugasemd við að hafa ekki fengið fundarboð á síðasta aðalfund félagsins fyrir árið 2018. Þá óskaði hún einnig um að vita hvort fjallað hafi verið um erindi frá henni frá janúar 2022. Fráfarandi formaður svaraði að engum hafi verið haldið frá síðasta aðalfundi enda hefði stjórnin aldrei látið sér detta í hug að sleppa því að senda neinum félögum fundarboð. Einnig kom fram að ekki hafi verið fjallað um erindi hennar í stjórn.

Valgerður Árnadóttir fékk orðið. Hún gerði athugasemd við að fráfarandi formaður sitji áfram í fagráði um velferð dýra. Umræða átti sér stað um þetta mál og ítrekaði fráfarandi formaður að hún myndi halda áfram að vinna að heilindum fyrir dýravelferð í fagráði og muni sitja þar út sinn skipunartíma. Þá var óskað eftir bókun um að Valgerður, ásamt Meike Witt og einn fundargestur enn óska eftir því að Hallgerður segði sjálf af sér úr fagráðinu. Hallgerður ítrekaði að hún hygðist sitja út sinn skipunartíma enda væri það eðlilegt. Fundarstjóri vísaði þessu samtali áfram til nýrrar stjórnar.

Benedikt Axelsson fékk orðið. Hann ræddi fundarboð vegna 2018 og sagðist hafa borið ábyrgð á fundarboðum þá og staðfesti að allir félagar fengu auðvitað fundarboð. Félagaskráin sé í dag sú sama og áður og byggð á þeim upplýsingum sem félagar hafa gefið. Þar að auki hafa aðalfundir að auki alltaf hið minnsta verið boðaðir löglega með auglýsingu á heimasíðu félagsins.

Spurt var hversu margir félagsmenn væru. Fram kom að félagsmenn eru í dag tæplega 500 með þeim nýju sem gengu í félagið á þessum aðalfundi.

Fyrirspurn frá fundargesti um greiðslur fyrir nefndarstörf. Samkvæmt fráfarandi formanni eru laun greidd fyrir setu í fagráði um velferð dýra sem voru á síðasta ári um 50 þúsund fyrir árið.

Fyrirspurn frá fundargesti um verkferla í kringum fagráðið og samskipti við nýja stjórn ásamt tengingu á milli stjórnar DÍS og þess aðila sem skipaður er fagráðið. Fram kom að vilji er fyrir því að samskipti séu góð á milli fulltrúa í fagráði og stjórnar DÍS. Fundarstjóri lagði til að setja verklag í kringum þetta.

Fráfarandi stjórn var þakkað fyrir liðin ár og nýrri stjórn óskað velfarnaðar.

Fundi slitið kl. 16:45

---

## Árskýrsla stjórnar DÍS á aðalfundi í ágúst 2022

Loksins er komið að langþráðum aðalfundi DÍS, í dag 7. ágúst 2022. Aðalfundur Dýraverndarsambandsins var síðast haldinn árið 2018 en féll niður árið 2019 enda var staðan sú þá að miklar framkvæmdir voru í og við húsnæði félagsins að Grensásvegi 12a seinni hluta árs 2018 og snemma á árinu 2019 á sama tíma og félagið varð að pakka saman skrifstofu sinni til að víkja úr þeim hluta húsnæðisins sem selt var til framkvæmdaaðila skv samningi frá árinu áður. Starfsmaður sem var ráðinn haustið 2018 sagði síðan upp störfum vegna persónulegra ástæðna strax eftir áramótin og sat stjórnin eftir með öll verk í höndum óunnin, utan að heimasíðan hafði verið tekin vel upp og í gegn og mikið efni sett inn á hana. Þetta var þröng staða og vegna þessa álags og annarra anna stjórnarfólks náðist ekki að halda aðalfundinn vorið 2019. Ákveðið var að honum væri frestað fram á vorið 2020. Aðalfundir félagsins féllu síðan niður árið 2020 og 2021 af utanaðkomandi ástæðum þegar covid geysaði og mat stjórn stöðuna svo að félagið væri í nægilega góðu jafnvægi til að óhætt væri að fresta aðalfundi á meðan óvissa var með framvindu pestarinnar og hversu hættuleg hún myndi reynast. Stjórn DÍS þykir leitt að hafa þurft að fresta fundum en við þessu var fátt annað að gera á þeim tíma. Jafnframt hefur þetta aðeins verið frestun á fundum en ekki á neinn hátt ógn við starfsemi eða rekstur félagsins, enda fjölmörg dæmi til um það í sögu félagsins að aðalfundum hafi verið frestað. Þetta er eðlilegur hluti af lífi sem aldrei er fullkmið. Við fögnum því hinsvegar mjög nú að geta loksins haldið aðalfund og höfum hlakkað til að skila af okkur félaginu í hönd nýrrar stjórnar.

Húsnæðismál: Eftir því sem framkvæmdum við Grensásveg 12a vatt fram varð ljóst að allt of þröngt yrði um félagið á staðnum. Það varð úr að stjórn mat stöðuna svo að betra væri fyrir félagið að flytja burt úr þeim þrengslum sem yrðu þar, og nýtti það þegar félaginu buðust makaskipti á eignum við sömu aðila og höfðu áður samið um kaup á helming af húsnæði DÍS. Þetta voru skipti sem voru félaginu afar hagstæð og til þess fallin að varðveita og auka við eignir félagsins. Það varð því úr að sem framhald af þeirri sölu árið 2017 sem upphaflega átti að vera sala á helming húsnæðis DÍS við

Grensásveg 12A varð full makaskipti við sömu aðila á stærri eign við Grensásveg 8 og fékk DÍS að auki 10 milljónir á milli sem hefur dugað vel. Það var einn úrslitaþáttur til þess að nauðsynlegt væri að flytja að þvinga átti félagið af hálfu Rvk borgar til að skrifa undir samning um að bílastæðum við Grensásveg 12A skyldi fækkað úr 17 í 6 og jafnframt átti að taka önnur bílastæði á svæðinu frá þannig að þau væru engöngu til sérafnota fyrir framhúsið Grensásveg 12. Þetta í raun útilokaði að hægt væri að halda úti félagsstarfi í húsnæði félagsins. Staðan í nýja húsnæðinu við Grensásveg 8 er mun betri enda fjöldi bílastæða til afnota án sérstakra kvaða. Einnig er húsnæðið betra til fundarhalda og hefur hærra virði en gamla húsnæðið. Ótalið er að gamla húsnæðið átti framundan þunga viðhaldsvinnu m.a. vegna þess að það lak, þakið var komið að fótum fram og útveggir héldu ekki vatni frá bílastæðinu fyrir ofan. Jafnframt flæddi nokkrum sinnum upp úr salerninu, nokkuð sem kom mjög illa út og olli vondri lykt. Vorum við mjög fegin að flytja í húsnæðið að Grensásvegi 8 sem hefur reynst vel.

Starfsmannamál: Í tíð núverandi stjórnarmanna sem hafa verið lengst í stjórn var fyrst ráðinn starfsmannskjárið 2012 þá sem verktaki í 40% hlutastarfi. Sú manneskja, Anna Berg, var hvött til að gefa kost á sér í stjórn DÍS þegar auðsætt var að áhugi hennar var afar mikill á starfsemi félagsins og hana langaði til að hafa áhrif á stefnumótun þess. Á þeim tíma mat stjórnin svo að ekki ætti við að manneskja væri bæði starfsmaður og í stjórn. Næsti starfsmaður, Benedikt, var ráðinn í 50% stöðu launamanns og kom á sama hátt inn í stjórn í kjölfar þess að vinna fyrir félagið í nokkra mánuði. Starf var þá auglýst og mikill fjöldi umsókna barst, en viðtöl voru tekin við fjölmarga. Loks var valin kona sem þáði starfið en þegar til kom vildi vinnuveitandi hennar ekki missa hana og bauð henni launahækkun sem varð til að hún valdi að vera áfram á gamla vinnustaðnum. Mörg brýn verkefni biðu og ákváðu þáverandi formaður, Sif og þáverandi gjaldkeri, Róbert að leita til eins stjórnarmanns til að taka að sér að vinna fyrir félagið, þáverandi ritara Hallgerðar og varð úr að hún var beðin um að vera starfsmaður félagsins þangað til annað yrði gert. Hallgerður tók það að sér að sjá um að félagið héldi sjó og var ráðin í 35% stöðu sem launamaður hjá félaginu. Hallgerður tók síðar við sem formaður félagsins og var um tíma bæði starfsmaður þess og formaður. Þetta var ný nálgun af hálfu stjórnar sem reyndist ganga vel, að hafa stjórnarmann jafnframt sem starfsmann. Það er talsvert umstang að reka félag eins og DÍS og mikil umsjónar- bréfa- og samskiptavinna sem fylgir því. Stjórnarstörfin voru ávalt ólaunuð hjá Hallgerði en launað fyrir þá vinnu sem starfsmanni væri annars falið að vinna. Vill stjórnin að þetta komi skýrt fram. Voru verkefni starfsmanns listuð vel upp og greinarmunur á þeim og starfi formanns. Jafnframt gerði Hallgerður vel grein fyrir því að hún var ekki til í að vera bæði ólaunaður formaður með þeim verkefnum og ólaunaður starfsmaður með þeim verkefnum. Verkefni þessa aðila eru ólík, en reyndist unnt að sameina þau undir stjórn stjórnar félagsins. Jafnframt vill stjórnin að fram komi að haldið var fast um launamál félagsins eins og alltaf, þannig að stjórnin ákvarðaði launin og tóku þau hækkunum eftir kjarasamningum eftir það. Það verður að taka skýrt fram að stjórnin hefur alltaf borið ábyrgð á og haft eftirlit með fjármálum félagsins og það hefur alltaf verið í höndum gjaldkera að hafa sérstakt eftirlit með fjármálum þess. Gjaldkeri hefur alltaf haft allan aðgang að öllum fjárreiðum og haldið á prókúru ásamt formanni og starfsmanni skv ákvörðun stjórnar hverju sinni. Á þessu hefur engin undantekning orðið og hefur gjaldkeri unnið þessi störf í nánú samstarfi við stjórn hverju sinni, enda ber stjórnin öll saman ábyrgð á fjármálum félagsins og rekstri þess. Engum starfsmanni hefur verið falið sem slíkum að sjá einum um fjármál félagsins á neinn hátt, heldur alltaf unnið að þeim samkvæmt ákvörðunum stjórnar hverju sinni og undir eftirliti hennar.

Það kom fram óánægja á aðalfundinum 2018 með að stjórnarmaður/formaður væri á sama tíma einnig starfsmaður félagsins og að sjálfsögðu tók stjórnin tillit til þess og var auglýst aftur eftir starfsmanni strax eftir þann fund. Var Anna Ellen ráðin haustið 2018, hún reyndist vel og vann mjög

vel með heimasíðu félagsins, en hún varð að hætta vegna persónulegra ástæðna eftir áramót 2019. Lilja Margrét var þar næst ráðin sumarið 2019 og var í tvo mánuði en vildi hærri laun en félagið réði við með góðu móti og varð úr að hún vildi hætta. Starfsmannamál hafa því verið dálítill þrautarganga en það er ljóst að það er erfitt að vera eini starfsmaður félags eins og DÍS, þetta er m.a. vegna þess að gengið er inn í ómótað starf sem reynir meira á en ef starfið er fullmótað þegar fólk er ráðið. Starfið krefst bæði mikils sjálfstæðis og á sama tíma næmis fyrir hvenær leita verði umboðs stjórnar, nokkuð sem þarf mjög hæft eða vant fólk til að þekkja mörkin fyrir og ekki allir geta.

Starfsemi félagsins tekur á mjög viðkvæmum þáttum, persónulegum málum ýmiss fólks í samfélaginu, upplýsingum sem varða persónulega hagi fólk og almenna persónuvernd og er afar áriðandi að starfsmaður félagsins átti sig á því og ráði við hlutverkið. Stjórnin leitaði síðar til nokkurra aðila til að vinna í tímavinnu fyrir félagið eftir að Lilja Margrét hætti, eða þar til aðalfundur yrði haldinn sem var fyrirhugaður vorið 2020, sem frestað var aftur vegna covid eins og áður sagði. Tvær konur, Björg og Sunna komu að og unnu aðeins fyrir félagið en það reyndist líka erfitt að halda fólki á þeim grundvelli að starfið væri tilfallandi og ekki fastir tímar í hendi. Hallgerður formaður og Guðfinna gjaldkeri lögðu til að opnað yrði fyrir að leita til fólks bæði innan og utan stjórnar til að sjá til þess að félagið gæti amk haldið sjó hvað rekstur varðar. Stjórnin mat það svo að það væri ásættanleg lausn við þessar aðstæður og hefur sú leið verið farin síðan. Var búið til ýtarlegt verkplan um nálgun við þá vinnu þannig að gagnsæi og yfirsýn héldist um vinnuframlag og laun. Það þarf að taka skýrt fram að engin launuð verk hafa verið unnin nema með skýru umboði stjórnar hverju sinni og með gagnkvæmu eftirliti stjórnarmanna. Það er áriðandi að gagnsæi og ábyrgð séu virt við þessar aðstæður og það hefur verið gert. Það verður síðan í höndum næstu stjórnar að ákvarða hvernig staðið verði að starfsmannamálum framvegis.

Praktísk mál: nýtt lógó var tekið í notkun, byggt á gamla lógóinu og einkaleyfi skráð fyrir því. Stjórnin þurfti einnig að taka harðan slag um nafn tímarits félagsins, Dýraverndarans, en úr varð að maður sem hafði reynt að sölsa það undir sig var gerður brottrækur úr félaginu á aðalfundi sem fjallaði um málið. Þar var miðað við að hann ætti mögulega afturkvæmt með umsókn ef hann bætti félaginu þann kostnað sem leggja þurfti í til að vernda nafn tímarits félagsins. Var það kostnaður upp á rétt um hálfa milljón, en lögmann þurfti til og einnig þurfti að kaupa einkaleyfin fyrir nafninu og lógói tímaritsins. Þetta er allt að baki núna og eigur og sögulegar eigur og vörumerki félagsins vel verndaðar. Sú stjórn sem hefur verið starfandi vill að þessi niðurstaða liggi fyrir við skil hennar svo næsta stjórn og næstu aðalfundur geti tekið skýra afstöðu til málsins. Öll gögn um þetta liggja hjá félaginu.

Stjórnin skilar félaginu nú á þessum aðalfundi með eignum upp á skuldlaust húsnæði félagsins, nokkrar milljónir í handbæru fé, auk sjóða félagsins, tvær fartölvur, símkerfi, sófa, borðstofusett, nokkrar bókahillur og eldhúsbord með stólum, ísskáps, auk bókasafns og tímaritasafns, skjalasafns og annars smálegs. Rekstur félagsins er í góðu jafnvægi. Stjórnin hefur með þessum stjórnarmönnum lagt ríka áherslu á ábyrga fjármálastjórn og varðveislu á eignum félagsins. Eftir aðalfundinn 2018 höfðu nokkrir félagsmenn samband við formann þar sem kom fram að þeim höfðu í einkasamtölum fyrir fundinn verið tjáðar mögulegar efasemdir um að fjármál væru eðlileg hjá félaginu. Það er alltaf leitt þegar slíkt gerist í félagsstarfi enda fyrst og fremst til þess fallið að grafa undan starfsþrótti félagsins sjálfs og undan starfsþrótti þeirrar stjórnar sem umboð hefur til að stýra félagi. Eftir þann aðalfund og þegar þetta lá fyrir bað formaður stjórn um að fengin væri manneskja til að fara yfir fjármál félagsins allt frá því að hún tók við prókúru og var orðið við því. Fengin var manneskja utan stjórnar til að fara yfir bókhaldið og auðvitað voru fjármálin eðlileg enda reksturinn eðlilegur og fjármálastjórn ábyrg sem endranær. Traust ríkir í stjórninni en formaður vildi engu að síður að þetta

lægi fyrir fyrir stjórnina. Að öðru leyti en þessu var ekki brugðist við enda ekki tilefni til. Stjórnin vill áréttta að ef félagsmenn telja að farið sé með ólöglegum eða ósiðlegum hætti um fjármál félagsins þá ber að kæra það til þar til bærra yfirvalda og láta rannsaka það opinberlega á eðlilegan hátt. Stjórnin ræddi þetta mál vel og var ákveðið að ekki væri vert að fara í frekari aðgerðir. Var það fyrst og síðast til að vernda starfsemi félagsins sjálfs og draga ekki nafn þess niður.

Félagið fór í samstarf við Miðlun um öflun styrkja til að standa undir því að reka starfsmann og gekk það vel. Styrkirnir hafa að mestu leyti staðið undir launakostnaði undanfarin ár. Seinna var þessu samstarfi sagt upp af hálfu Miðlunar þar eð stjórn DÍs vildi ekki veita þeim sjálfðæmi um öflun. Við í stjórn DÍs töldum ekki rétt að leyfa óskyldum lögaðila að nota nafn DÍs með þeim hætti að stjórn DÍs væri ekki með umsjón með hraða og framvindu þess að hringt væri út fyrir félagið. Fyrirhugað er að DÍs verði sjálft með starfsfólk sem afli styrkja. Enn eru styrkaraðilar sem styrkja félagið og nemur upphæðin nú um það bil 40-50þúsund krónum á mánuði. Slík styrkjaaðild er góð leið til að reka félag eins og DÍs enda langt frá því að félagsgjöld ein geti staðið undir rekstri.

Félaginu barst beiðni um styrk veturinn/vorið 2022 til að hjálpa villkaninum en beiðnin kom frá Dýrahjálpi Íslands. Var ákveðið að styðja við það með myndarlegum hætti nú í vor og veitti stjórn DÍs verkefninu styrk upp á 500þúsund krónur. Venja hefur verið að sannreyna styrkbeiðnir og styðja við verkefni ef þau eru í þágu dýravelferðar. Stjórn DÍs telur sjálfsagt mál að styrkja slík verkefni.

Stjórn DÍs skipaði stjórnarmenn til þriggja ára í stjórnir sjóða sem félagið skipar í samkvæmt lögum þess, en ekki varð komist hjá því vegna laga um peningabvætti og upplýsingaöryggi. Þetta eru sjóðir sem hafa ekki verið snertir í tíð neinna núverandi stjórnarmanna og verið leyft að liggja án þess að skipa í þá stjórnir eins og þó átti að gera. Hafði endurskoðandi áður séð um að sækja stöðu sjóðanna til að setja inn í ársreikninga, en hann hefur nú látið af störfum. Lög um peningabvætti þrengdu á svipuðum tíma mjög aðgengi að upplýsingum um sjóðina þannig að það varð að skipa stjórn fyrir þá til að geta látið gera ársreikninga fyrir þá fyrir þennan aðalfund. Þetta reyndist talsverð vinna enda þurfti að útbúa yfirlýsingu til undirritunar á milli landa á milli stjórnarmanna. En gekk vel og nú hefur því verið skipuð stjórn til þriggja ára í Peder J. Steffensen sjóðnum, Tækjakaupasjóðnum og Sauðfjárverndinni, sem eru sjálfstæðir sjóðir. Ný stjórn DÍs tekur svo við Sólskríkjusjóðnum, enda er það hlutverk stjórnar DÍs að hafa umsjón með honum ásamt fjárreiðum sem tilheyra félaginu beint eða kennitölu þess. Um skipan í stjórnir sjóða má lesa nánar í lögum félagsins.

Samstarf innan stjórnar DÍs hefur verið gott og það ekki breyst þótt stjórnarmenn séu flestir fluttir erlendis eða búa fjarri, einn býr nú á Ítalíu, annar í Svíþjóð, þriðji í Danmörku og fjórði á Akureyri og loks formaður í Reykjavík. Flest störf hafa hvílt á herðum formanns, bæði í hlutverki launaðs starfsmanns og ólaunaðs formanns enda flest málefni unnin frá skrifstofu félagsins í Reykjavík þótt ákvarðanatáka sé ávalt á hendi stjórnar allrar. Stjórnarfundir hafa því undanfarið verið haldnir með fjarfundarbúnaði. Stjórnarmenn vildu allir hverfa til annars þegar til kom að langþráður aðalfundur stæði loksins fyrir dyrum og ákveðið var að tími væri kominn til að víkja fyrir nýju fólki og nýrri stjórn í DÍs. Við vorum því mjög fegin að sjá að framboð bárust í öll sæti stjórnar og getum því öll horfið að öðru eftir skilafund með nýrri stjórn sem haldinn verður nú í vikunni eftir þennan aðalfund.

Ýmislegt: Félagið setti af stað undirskriftarsöfnun í þágu starfsemi vegna vergangs- og villikatta, en margir dýravínir lögðust á eitt í því máli og komu út kjölfarið drög að reglugerð frá landbúnaðarráðuneytinu um þá hjálparstarfsemi, einmitt vegna þessa þrýstings dýravína. Undirskriftarsöfnuninni var ekki skilað enda ætlaður árangur þegar kominn fram, en síðar kom í ljós að reglugerðin var (virðist hafa verið) svæfð og liggur listinn enn fyrir og er tilbúinn fyrir annað hvort

að vera skilað af hálfu nýrrar stjórnar DÍS sem nú tekur við, eða haldið áfram með. Á hinn bóginn hafa stjórnvöld síðan þá leyft sjálfboðaliðum að halda áfram að sinna villiköttum og vergangskisum, svo árangur var á borði enda þótt formlega væri ekki skilgreint til þess umboð með því að birta reglugerðina.

Á tímabilinu var stofnað félag að frumkvæði Hallgerðar til að vernda nafnið Dýraverndarfélag Íslands sem er gamla nafn DÍS og er fyrirhugað að það nafn verði afhent DÍS. Verður haft samráð við nýja stjórn DÍS um það.

Allt sem hefur komið frá félaginu í tíð núverandi stjórnar sem nú skilar, hvort sem það eru blaðagreinar, ályktanir, áskoranir, eða annar texti eða efni eða bréf eða fundargerðir, hefur alltaf verið unnið sameiginlega af stjórn og samþykkt frá stjórn í heild sinni eftir því sem stjórnarmönnum finnst hæfa. Formaður félagsins markar ekki nýja stefnu heldur fylgir eftir áliti stjórnar hverju sinni. Formaður er skv lögum félagsins talsmaður þess og kemur því fram fyrir alla stjórnina og félagið. Traust hefur ríkt í stjórninni og samvinna verið afar góð og ánægjuleg sem er nauðsynlegt til farsældar félagsins sjálfs og til félagsstarfsemi almennt.

Dýravelferðarmál hafa verið fjölmörg á borði stjórnar á tímabilinu, þau eru allt of mörg til að hægt sé að telja þau upp hér, hafa þau verið unnin bæði í formi samskipta við stofnanir og valdhafa en einnig í þjónstu við almenning. Almennur hefur mikið samband við félagið og leitar upplýsinga og aðstoðar í sambandi við dýravelferðarmál. Stjórn DÍS hefur notið almenns trausts almennings og almenns trausts félagsmanna, en það hefur komið vel fram hjá flestu því fólki sem hefur samband við stjórn og skrifstofu félagsins. Hlutverk DÍS er skýrt í huga almennings sem man eftir félaginu og er fólk duglegt að hafa samband við félagið og fá bæði leiðsögn og benda á mál. Stjórnin sem nú kveðu hefur ávalt haldið sig við þá stefnu að berjast fyrir bættri velferð dýra fremur en gegn dýrahaldi sem slíku og þar miðað við bestu raunverulegu þekkingu. Það þýðir að það eru ekki skoðnir stjórnarmanna sem ráða för heldur viðmið um góða velferð dýra og tilverurétt þeirra í höndum manna. Þetta hefur verið einhugur um enda hafa stjórnarmenn lagt áherslu á og verið meðvitaðir um að það er hlutverk þeirra að vinna að samþykktum og stefnu Dýraverndarsambandsis en ekki eigin skoðunum. Eindrægni hefur ríkt um þessa stefnu og það gert samstarfið farsælt.

Stjórn Dýraverndarsambands Íslands  
Reykjavík 7. ágúst 2022

Allysa Þorkvæðis  
Benedikt Axelsson  
Láttur Kristinsson  
Sif Trausta dóttir  
Ragnheiður Gunnarsdóttir